

Ed. 391. Frumvarp til laga [178. mál]
um breyting á lögum nr. 23 1. febrúar 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 10. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:

Ráðherra er einnig heimilt, að fengnum tillögum öryggismálastjóra og öryggisráðs, að kveða svo á með reglugerð, að réttindi til stjórnar nánar tiltekinna, stórvirkra vinnuvéla skuli bundin við ákveðna starfsreynslu eða nám.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Síðan lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, nr. 23 1. febrúar 1952, tóku gildi, hafa orðið miklar breytingar í atvinnuháttum landsins. Stórvirkar vinnuvélar leysa nú í æ ríkara mæli hin ótalmörgu verkefni, sem að kalla, og fer notkun þeirra sífellt vaxandi, ekki sízt einmitt nú, þegar stóriðja er að skapast í landinu.

Það er því augljóst að þörf er fyrir reglugerð um þessi tæki, bæði vegna manna, sem þeim stjórna, um menntun þeirra til starfsins, æfingu í starfi og önnur skilyrði, svo og vegna tækjanna sjálfra, um öryggisbúnað þeirra o. fl.

Í fyrrnefnd lög vantar heimild til að setja slíka reglugerð og er því frumvarp þetta nú lagt fram til að afla lagaheimildarinnar.